

24. febrúar 2020

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Umsögn um deiliskipulagstillög að Reynivöllum II

Vísað er í bréf frá bæjarstjóra sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 27. janúar sl. hvar óskað er umsagnar um ofangreinda skipulagsvinnu.

Til grundvallar var deiliskipulagtillaga frá ARKÍS arkitektum dags 7.11.2019.

Í tillögunni kemur fram að gert sé ráð fyrir að innan hins skipulagða svæðis verði byggð upp ferðaþjónusta m.a. hótél og sundlaug, einnig er gert ráð fyrir eldsneytisafgreiðslu og verslun á svæðinu auk sölu á afþreyingu á borð við jökla- og gönguferðir.

Fjöldi gistirýma eða gesta kemur ekki fram í tillögunni en skv. aðalskipulagi er heimilt að reisa allt að 100 gistirými fyrir allt að 200 gesti á svæðinu.

Sú starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu og er starfsleyfissskyld hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands er eftirfarandi:

Starfsemi	Lög nr.	Helstu reglugerðir sem um starfseina gilda
Sala á gistingu	7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	941/2002 um hollustuhætti
Sala á veitingum	93/1995 um matvæli	103/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
Vatnsveita	93/1995 um matvæli	536/2001 um neysluvatn, 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
Eldsneytisafgreiðsla	7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi
Sundlaug	7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	941/2002 um hollustuhætti ; 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum
Fráveita	7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	798/1999 um fráveitur og skólp

Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar eru gerðar.

Fráveitumál:

Skýra þarf betur hvaða fyrirkomulag verður viðhaft við hreinsun á fráveituvatni s.b.r. 4.mgr. 4.gr. laga nr. 9/2009. Á einum stað í tillögunni segir að fyrirkomulag fráveitu verði ákveðið nánar og skilgreint í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, á öðrum stað segir að skólp verði leitt í þriggja þrepa rotró og siturlögn. Að mati HAUST er sú starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu það umfangsmikil að ólíklegt verður að teljast rotþró sé raunhæfur kostur til hreinsunar á fráveituvatni.

Þá er bent á að í samþykkt nr. 696/2016 um fráveitu í Sveitarfélaginu Hornafirði kemur fram krafa um að fráveituvatn frá eldhúsum veitingastaða skuli forhreinsað í fituskilju.

Neysluvatn:

Fram kemur að vatn verði sótt úr „viðurkenndum vatnslindum“ sem samþykktar hafa verið af Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

Rétt er að fram komi að til staðar er starfsleyfi fyrir vatnsveitu sem þjónar gistingu í sumarhúsum að Reynivöllum 2. Um er að ræða yfirborðsvatn sem er meðhöndlað með útfjólubláu ljósi fyrir afhendingu til neytenda. Ekki liggur fyrir hvort sú vatnsveita geti þjónað starfssemi af þeirri stærðargráðu sem fyrirhugð er á svæðinu.

Sundlaug:

Gera þarf betur grein fyrir stærð og umfangi sundlaugarinnar ekki síst fyrirkomulagi fráveitu frá henni.

Annað ekki

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

